

Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps

haldinn 3. desember 2019 á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri, kl. 16:00.

Fundur nr. 167

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson formaður (D), Jón Hrafn Karlsson (D), Anna Magdalena Buda (D), Fanney Ásgeirs dóttir (Z) og Fanney Ásgeirs dóttir (Z)

Að auki mættu eftirtaldir:

Eva Björk Harðardóttir (oddviti Skaftárhrepps), Katrín Gunnarsdóttir (skólastjóri Kirkjubæjarskóla), Inga Lóa Hannesdóttir (fulltrúi kennara Kirkjubæjarskóla), Auður Guðbjörnsdóttir (fulltrúi foreldra Kirkjubæjarskóla), Sólveig Ólafsdóttir (fulltrúi foreldra Kærabæjar), Zbigniew Zuchowicz (skólastjóri Tónlistarskóla Skaftárhrepps).

Jón Hrafn Karlsson ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Heimsmarkmiðin og fræðslumálin.

Eva Björk Harðardóttir kynnir heimsmarkmiðin fyrir Fræðslunefnd og hvernig þau tengast fræðslumálum í Skaftárhreppi.

2. Lýsing endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps 2020 – 2032.

Kafli 2 hér mætti taka fram að tilgangurinn sé að innleiða Heimsmarkmiðin.

Fræðslunefnd spyr hvort hægt að setja upp spá eða líkan um aldurssamsetningu svo hægt sé að gera áætlun um fjölda barna á leikskóla og grunnskólaaldri á gildistíma nýs aðalskipulags.

Kafli 2.5, í upptalningu á grunnþjónustu hefur gleymst að telja upp að á Klaustri er að finna tónlistarskóla.

Kafli 4.1 Fræðslunefnd leggur til breytingu á texta í yfirmarkmiðum aðalskipulagsins. Áhersla er lögð á hófsemd og virðingu í umgengni við náttúruna, hagkvæma nýtingu lands og landgæða, eðlilega þróun og æskilega nýbreytni í atvinnuháttum, trausta mennta og velferðarþjónustu.


Í staðin fyrir að auka vægi opnинberrar þjónustu mætti tala um að bæta opinbera þjónustu, svo sem þjónustu menntastofnana.

Fræðslunefnd gerir ekki fleiri athugasemdir við lýsinguna.


3. Tillögur frá fræðslunefnd, varðandi öryggismál á skólalóð Kirkjubæjarskóla, sbr.
bókun sveitarstjórnar vegna fundargerðar fræðslunefndar nr. 166.
Fræðslunefnd hefur tekið saman tillögur sem sendar verða til sveitarstjórnar.

4. Önnur mál.
Önnur mál rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:54



Þorsteinn M. Kristinsson



Jón Hrafn Karlsson



Anna Magdalena Buda



Arndís J. Harðardóttir



Fanney Ásgeirs d